

# Samþykkt

105  
1. sept.

fyrir austurdeild girðingarfélags Torfalækjarhrepps.

Hreppsnefndin í Torfalækjarhreppi hefir, samkvæmt lögum 30. júlí 1909 um girðingar, gjört eftirfarandi

## samþykkt

fyrir austurdeild girðingarfélags Torfalækjarhrepps.

### 1. gr.

Samþykkt þessi er gjörð fyrir girðingu þá, sem ákveðið er að setja á þessu vori úr Laxárvatni austur í Blöndu, um Kagaðarhól, og gildir fyrir Blönduós og bæina Hjaltabakka, Hnjúka, Sauðanes, Köldukinn, Smirlaberg og Kagaðarhól.

### 2. gr.

Til þess að hafa á hendi stjórn deildarinnar og allar framkvæmdir við útvegum á efni, niðursetningu, aðgjörðir og viðhald á girðingunni, svo og niðurlöngun á árlegu gjaldi og innheimtu á því til afborgunar og rentugreiðslu og öðru, sem henni viðkemur, skulu kosnir 3 menn, er hafi starfið á hendi 3 ár í senn; getur enginn skorast undan kosningu. Flytji einhver þeirra úr girðingarsvæðinu eða deyi, skal annar kosinn í þess stað, sem gekk úr, fyrir þann tíma, sem eftir er.

### 3. gr.

Aðalfundur skal félagið halda árlega um 10. nóvbr. Skulu á honum kosnir stjórnendur þess þegar með þarf, samkvæmt 2. gr., og tekin ákvörðun um, hve miklu skuli jafnað niður á félagsmenn ár hvert; eru allir þeir félagsmenn, er jörð hafa til ábúðar eða tíunda í sauðfé og ótömdum hrossum hálf hundruð eða meira; en atkvæðisrétt hafa allir búendur og þeir af búlausum, sem tíunda í sauðfé og ótömdum hrossum 5 hundruð eða meira.

### 4. gr.

Kostnaðinn við alt efni í girðingu þessa og smíði á hliðinu skal ár hvert um 20. nóvember jafnað niður á alla búendur og túneigendur innan girðingarfélagsins, samkvæmt 3. gr. þannig: að jafnt auratal sé lagt á hvert jarðarhundruð

**105** og lausafjórðungi, eftir því sem með þarf ár hvert; samt skal við niðurfjórðungi þessa sleppa helming af núverandi fjórðungi Hjaltafjórðungi og  $\frac{1}{3}$  af lausafjórðungi fjórðungi ábúandans þar; svo skal einnig sleppa helming af fjórðungi jarðarinnar Sauðaness og helming af lausafjórðungi ábúandans þar við niðurfjórðungi, ef hann setur á sinn kostnað 2 vírstrengi ofan á vörzlugarð þann, er liggur frá túni hans og ofan til Laxár, girðir yfir ána yfir í Holtsgirðinguna og heldur síðan allri girðingunni frá Laxárvatni til Laxár vel við, svo að hún altaf sé í fullgildu standi. Gjaldþagi á hinu niðurfjórðungi gjaldi er 31. desbr. ár hvert.

#### 5. gr.

Flutningi á efni til girðingarinnar og vinnu þeirri, er með þarf til niðurfjórðungi hennar, skal stjórn félagsins jafna niður á alla félagsmenn sem næst mælikvarða þeim, er getur um í 4. gr.

#### 6. gr.

Verði tekið lán fyrir milligöngu hreppsnefndarinnar eða upp á ábyrgð hennar, skal stjórn félagsins skylt, að jafna niður árlega að minsta kosti þeirri upphæð, er hreppsnefnd álitur næga, og standa henni skil á upphæðinni á þeim tíma, er hreppsnefnd ákveður.

### Ákvörðun um stundarsakir.

Undir eins og samþykkt þessi er samþykkt af félagsmönnum, skal kosin stjórn fyrir félagið, er hafi á hendi starfið til næsta aðalfundar.

Samþykkt þessi er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. október 1911, og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

I stjórnarráði Íslands, 1. september 1911.

**Kristján Jónsson.**

---

*Jón Hermannsson.*